

26. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps , Végarði 06.12 2011, kl. 13.00

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar, ásamt Skúla Birni Gunnarssyni forstöðumanni Gunnarsstofnunar.

Oddviti setti fund og bauð gest velkominn.

Dagskrá

1. **Gunnarsstofnun, Skúli Björn Gunnarsson forstöðumaður mætir til fundar**
2. **Skýrsla oddvita**
3. **Samband orkusveitarfélaga**
4. **Framkvæmdir við Laugarfell**
 - a) Fundargerð fundar með Timburmönnum 03.11
 - b) Minnisblað 17.11
 - c) Verkfundargerð 02.12
5. **Húsnæði fyrir félagsstarf aldraðra Miðvangi 6**

Tillaga að innra fyrirkomulagi húsnæðis
6. **Landsvirkjun, Georg Pálsson stöðvarstjóri Fljótsdalsstöðvar mætir til fundar**
7. **Héraðsskjalasafn Austfirðinga,**
 - a) Skráning á skjölum Fljótsdalshrepps, *erindi frestað á fundi sveitarstjórnar 01.11*
 - b) Bréf Hrafnkels Lárussonar , forstöðumanns dags. 28.11
 - c) Tillaga að nýjum stofnsamningi
 - d) Aðalfundargerð fulltrúaráðs 25.11
8. **Landamerkjaskráning, ósk um framlengingu verktíma**
9. **Fjallaskáli í Fjallaskarði**

Bréf Fljótsdalshéraðs dags. 17.11
10. **Fjármál**

Fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2012
Fjárhagsáætlun Brunavarna á Héraði 2012
Fjárhagsáætlun Brunavarna á Austurlandi 2012
Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Fljótsdalshéraðs 2012
Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Austfirðinga
Fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands
Fjárhagsáætlun HAUST
Skipting árgjalda aðildarsveitarfélaga til SSA
Vegframkvæmdir 2011
11. **Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps fyrir árið 2012 , fyrri umræða**
12. **Bréf**
 - a) Skipulagsstofnun dags. 25.10
 - b) Fjarðabyggð, Páll Björgvin Guðmundsson bæjarstjóri, 16.11
 - c) Fljótsdalshérað, dags 17.11
 - d) Umhverfissráðuneytið dags. 03.11
 - e) Þróunarfélag Austurlands 14.11
 - f) Tvær bókanir stjórnar Vatnajökulsþjóðgarðs 03.11
13. **Fjárbeiðnir**
 - a) Landssamband slökkviliðs-og sjúkraflutningamanna
 - b) Svanur Vilbergsson
 - c) Stígamót
 - d) Blátt áfram
 - e) Snorraverkefnið

- f) Framfarafélag Fljótsdalshéraðs
- g) ÚÍA
- h) Skólastjóri Hallormsstaðaskóla

14. Fundargerðir

- a) Aðalfundur Skólaskrifstofu Austurlands 11.11
- b) Brunavarnir á Héraði 01.11.
- c) Aðalfundur HAUST 28.10
- d) Skógarorka 19.11
- e) Áætlunarferðir í Fljótsdal 03.11

15. Önnur mál

1. **Gunnarsstofnun.** Skúli Björn hafði meðferðis skjal sem sýnir niðurstöður úr talningu á fjölda þeirra sem gengu upp að Hengifossi, á tímabilinu frá 3. júní til 15. september. Fækkun er frá fyrra ári sem er í samræmi við þá tilfinningu að sumarið hafi verið heldur lélegt ferðamannasumar hér eystra, en um 16000 manns fóru um göngustíginn. Skúli Björn gerði grein fyrir verkefnum sem unnið hefur verið að á árinu, þ.e. þeim sem tengjast þjónustusamningi við hreppinn. Eftir nokkrar umræður um þau verkefni og starfsemi Gunnarsstofnunar almennt var Skúla þökkuð koman og yfirgaf hann fundinn þ.e. kl. 13.50
Samningur milli Fljótsdalshrepps og Gunnarsstofnunar rennur út um næstu áramót. Sveitarstjórn samþykkir að endurnýja samninginn óbreyttan til 2ja ára.
2. **Skýrsla oddvita.** Oddviti sat aðalfund HAUST á Breiðdalsvík 28.10 og aðalfund Skólaskrifstofu Austurlands á Reyðarfirði 11.11. Einnig var haldinn fundur í stjórn Dvalarheimilis aldraðra, en verið er að skoða möguleika á að bæta sambylissúrræði.

Fulltrúar HSA mættu á fund í Végarði 08.11. Auk oddvita mættu af hálfu sveitarstjórnar þau Anna Jóna og Þorvarður. Til umræðu var þröng fjárhagsstaða HSA og boðaður niðurskurður á framlögum í fjárlögum ríkisins.

Fulltrúar Orkuseturs og Þróunarfélagsins funduðu með sveitarstjórn í Végarði 22.11. Rætt var um orkumál og möguleika á styrkjum til þeirra sem fara í orkusparandi framkvæmdir íbúðarhúsa.

Oddviti og varaoddviti sátu fund um Landsskipulagsstefnu, á Egilsstöðum 28.11.

Viðgerð vegna sambandsleysis á fjarfundabúnaði í Végarði hefur farið fram.

Gengið hefur verið frá uppgjöri við LV um fasteignaskatta og lán.

Hagstofa Íslands undirbýr töku manntals og húsnæðistals í árslok 2011. Óskað er eftir að Fljótsdalshreppur veiti því verki liðsinni.

Eigendur Þorgerðarstaða hafa stofnað félag (Dalshús ehf) til að sjá um rekstur á jörðinni.

Yfirfærsla á eignarhlut ríkisins í grunnskólabýggingu á Hallormsstað er ekki frágengin þar sem íbúðir í skólanum og skóli eru á sama fastanúmeri í fasteignaskrá og ríkið vill undanskilja íbúðir samkomulagi við sveitarfélög og telur að meta þurfi þær eignir sérstaklega til verðs .

Forvarnarsamtökin Blátt áfram vilja vinna með sveitarfélögum að forvarnarstarfi.

Skólastjórnarfélag Austurlands hvetur sveitarfélög og sveitarstjórnarmenn til að standa vörð um símenntunarsjóði starfsamanna leik-og grunnskóla á Austurlandi.

Kostnaður við refa –og minkaveiðar í Fljótsdalshreppi 2011 var kr. 803.170,-. 5 greni voru unnin, 6 grendýr, 12 yrðlingar, 16 hlaupatófur og 1 minkur.

Á 16 bæjum í Fljótsdal hefur verið lokið við þrífösun.

Sótt hefur verið um styrki til lagfæringar á göngustíg að Hengifossi og skipulagningar svæðisins.

Gögn sem liggja frammi til kynningar:

Ársreikningur Héraðsskjalasafns Austfirðinga 2010

Ársreikningur Skólaskrifstofu Austurlands 2010 og ársskýrsla

Skýrsla stjórnar HAUST

- 3. Samband orkusveitarfélaga.** Samþykkt að sveitarfélagið verði aðili að Sambandi orkusveitarfélaga. Tilgangur samtakanna er fyrst og fremst að standa vörð um hagsmuni orkusveitarfélaga gangvart ríkisvaldi og orkufyrirtækjum .

4. Framkvæmdir við Laugarfell

- Fundargerð fundar með Timburmönnum 03.11. Kynnt. Skrifað hefur verið undir verksamning við Timburmenn um brúargerð, gerð vegar að brú yfir Laugará, ásamt gerð varnargarða með árfarvegi.
- Minnisblað 17.11, frá ferð eftirlitsmanns og oddvita á verkstað. Kynnt.
- Verkfundargerð 02.12. Verið er að steypa brú yfir Laugará. Búið að steypa stöpla, eftir er að steypa brúargólf, byggja varnargarð og leggja veg að brúnni.

5. Húsnæði fyrir félagsstarf aldra Miðvangi 6

Tillaga að innra fyrirkomulagi húsnæðis. Félag eldri borgara, Félagsþjónustan og fulltrúar Fljótsdalshéraðs hafa unnið tillöguna. Í henni er gert ráð fyrir svæði fyrir handavinnu, þreksal, snyrtingum og setukrók. Samþykkt að leita eftir tilboðum í hönnun og teikningar, auk gerð kostnaðaráætlunar og stefna að því að framkvæmdir hefjist eftir áramót.

Georg Pálsson mætti til fundar kl 15.30

- 6. Landsvirkjun.** Rætt var um framlengingu á stöðuleyfi Teigsbúða, væntanlegan farsímasendi Vodafone sem settur verður upp á Miðfelli, lagfæringu sem gerð var á slóð við Kelduárlón, munaðarleysi slóðar í Þrælahálsi, sauðfjárveikivarnargirðingu, rekstur upplýsingarmiðstöðvar í Végarði, tæmingu Ufsarlóns, starfsmannahald, samning um mötuneyti-og ræstingu , væntanlegar framkvæmdir LV 2012 s.s. áframhaldandi ruslahreinsun á röskuðum virkjanasvæðum, viðgerð á Keldar-og Ufsarstíflu, o.fl.
Stefnt er að því að fulltrúar LV komi á fund sveitarstjórnar í janúar til að ræða málefni er tengjast Sauðaárveitu.

Georg yfirgaf fund kl 16.50

7. Héraðsskjalasafn Austfirðinga,

- Skráning á skjölum Fljótsdalshrepps, *erindi frestað á fundi sveitarstjórnar 01.11.* Samþykkt að kaupa vinnu af Héraðsskjalasafninu til að skrá gögn sveitarfélagsins. Kostnaður er áætlaður að hámarki 250 þús.
- Bréf Hrafnkels Lárussonar , forstöðumanns dags. 28.11. Varðar aðalfund fulltrúaráðs 25.11 og drög að nýjum stofnsamningi Kynnt.

- c. Tillaga að nýjum stofnsamningi. Sveitarstjórn samþykkir fyrir sitt leiti nýjan stofnsamning um Héraðsskjalasafn Austfirðinga.
- d. Aðalfundargerð fulltrúaráðs 25.11. Kynnt.

8. Landamerkjaskráning, ósk frá Mannviti um framlengingu á skilafresti verkefnisins. Samþykkt að framlengja verkefnaskil Mannvits til 20.01.12, eins og farið er fram á.

9. Fjallaskáli í Fjallaskarði

Bréf Fljótshéraðs dags. 17.11. Varðar byggingarleyfisumsókn Fljótshrepps vegna endurnýjunar á fjallaskála í Fjallaskarði. Umsóknin er samþykkt, en skilyrt því að skúr og tveir kamrar verði fjarlægðir að framkvæmdum loknum.

Sveitarstjórn samþykkir að leita til Verkís um að fullvinna teikningar og gera kostnaðaráætlun vegna fyrirhugaðra framkvæmda.

10. Fjármál

Fjárhagsáætlun Hallormsstaðaskóla 2012. Samþykkt. Hluttur Fljótshrepps er kr. 37.5 millj. Fjárhagsáætlun Brunavarna á Héraði 2012. Áætlunin samþykkt, skiptihlutfall liggur ekki fyrir. Fjárhagsáætlun Brunavarna á Austurlandi 2012. Kynnt. Hefur ekki verið afgreidd úr stjórn samlagsins.

Fjárhagsáætlun Félagsþjónustu Fljótshéraðs 2012. Samþykkt. Hluttur Fljótshrepps kr. 1.057.237.-

Fjárhagsáætlun Héraðsskjalasafns Austfirðinga. Samþykkt. Hluttur Fljótshrepps kr. 566.000-

Fjárhagsáætlun Skólaskrifstofu Austurlands. Samþykkt. Hluttur Fljótshrepps kr. 330.000-

Fjárhagsáætlun HAUST. Samþykkt. Hluttur Fljótshrepps kr. 686.385, hluti gjalda er endurgreiddur sveitarfélaginu af fyrirtækjum.

Skipting árgjalda aðildarsveitarfélaga til SSA. Samþykkt. Hluttur Fljótshrepps kr. 202.541-

Vegframkvæmdir 2011. Skv því sem fyrir liggur er ljóst að kostnaður vegna vegframkvæmda í Múla og á plönunum á Egilsstöðum, Bessastöðum og Litlu Grund fer 4-5 millj fram úr fyrri áætlunum.

Samþykkt að það fjármagn verði tekið af óráðstöfuðu eigin fé.

11. Fjárhagsáætlun Fljótshrepps fyrir árið 2012, fyrri umræða.

Sveitarstjórn samþykkir að útsvarshlutfall árið 2012 verði 13,20 % þ.e. óbreytt frá fyrra ári.

Álagningarprósenta fasteignaskatts 2012, A - 0,40% B - 1,32% C - 1,65%

Samþykkt að í gildi verði óbreyttar reglur um afslátt fasteignaskatts og gjalddagaregla óbreytt.

Rotþróa- og sorphirðugjöld óbreytt 2012.

Samþykkt að greiða áfram leikskólagjöld fyrir börn úr sveitarfélaginu í leikskólanum Skógarseli, Hallormsstað, þ.e. án fæðis- og foreldrafélagsgjalda.

Reglur um frístundastyrki samþykktar óbreyttar fyrir árið 2012.

Samþykkt að styrkir til námsmanna árið 2012 verði kr. 80.000- á önn, þ.e. hækkun um kr. 5000,- á önn. Að öðru leyti gilda óbreyttar reglur 2012.

Samþykkt að reglur um styrki til sauðfjárvótakaupa verða óbreyttar árið 2012.

Launakjör sveitarstjórnar og nefnda tekur breytingum hvað varðar launavísitöluhækkun miðað við 01.01 2012 og aksturtaxti 2012 fylgir almennum km gjaldi (ríkistaxta) 01.01 2012. Viðmið fyrir verktakavinnu á vegum sveitarfélagsins verður 3.500,- per klst auk vsk þar sem það á við. Viðmið tímakaups kr. 1.880,-

Samþykkt að umhverfisstyrkir verði veittir árið 2012 með svipuðum hætti og verið hefur. Nokkrar breytingar samþykktar á reglum um úthlutun, hvað varðar gögn sem fylgja þurfa umsókn og heimilt er að fella niður ógreiddan styrk hafi viðkomandi framkvæmd ekki verið lokið innan tveggja ára frá dagsetningu umsóknar.

Lárus vék af fundi.

Samþykkt að hækka tímagjald fyrir grenjaleit úr kr. 2.500,- í kr. 3.500,- og sólarhringsgjald á fjórhjól úr 12.000,- í kr. 15.000,-

Lárus kom aftur til fundar.

Fjárhagsáætlun Fljótsdalshrepps fyrir árið 2012 tekin til fyrri umræðu.

Oddviti lagði fram tillögu að fjárhagsáætlun næsta árs og fór yfir hana. Rætt var um ýmsa liði áætlunar og fjárfestingar. Samþykkt að vísa fjárhagsáætlun ársins eins og hún lá fyrir eftir fyrri umræðu sveitarstjórnar, til síðari umræðu á fundi sem fyrirhugaður er 20. desember.

Samþykkt samhljóða að frestað verði yfirstandandi fundi og þeim dagskrárliðum sem enn eru óafgreiddir verði frestað til næsta fundar sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 20.15.

Þorvaður ritaði fundargerð í tölvu.

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)

Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)

Þorvarður Ingimarsson (sign)

Lárus Heiðarsson (sign)

Jóhann F. Þórhallsson (sign)